

Kópavogsbær
B.t. skipulagsdeildar
Digranesvegi 1
200 Kópavogur



Efni: Viðbrögð Vegagerðarinnar við athugasemdum eigenda Lækjarbotnaland 4 og 5 vegna hliðarvegar í Lækjarbotnum

Þar sem athugasemdirnar snúa bæði að Gunnarshólma og Lækjarbotnalöndum 4 og 5 telur Vegagerðin rétt að sýna afstöðu hliðarvegarins til framangreindra landareigna áður en athugasemdunum er svarað.



Mynd 1 Afstaða hliðarvegar í Lækjarbotnum (appelsínugul lína) til landareignanna Gunnarshólma (ca. fjólubláa línan) og Lækjarbotnaland 5 (græna línan). Afmörkun fyrir Lækjarbotnaland 4 er ekki þekkt en skv. fasteignaskrá er lóðin 0 m² og stendur skammt sunnan við Lækjarbotnaland 5.

1. Staðsetning vegarins

Ekki kemur til greina að breikka Suðurlandsveginn til suðurs við framkvæmdasvæði fyrirhugaðs hliðarvegar vegna náttúruvættisins Tröllabarna og annarra verndaðra svæða í Lækjarbotnum. Um verndarsvæðin er fjallað í fylgigögnum framkvæmdaleyfisumsóknar.

Landareignirnar sem um ræðir eru talsvert vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði eins og mynd 1 sýnir. Hvort vegurinn breikkar til norðurs eða suðurs vestan við hliðarveginn er ótengt því framkvæmdaleyfi sem hér er til umfjöllunar og verður skoðað sem aðskilið mál í tengslum við 2. áfanga framkvæmda við breikkun Suðurlandsvegarins frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá.

2. Aðgengi að landi [sunnan] megin vegar

Framkvæmdir við fyrirhugaðan hliðarveg í Lækjarbotnum hafa hvorki áhrif á aðgengi landeigenda að landi Gunnarshólma sunnan vegar né frístundalóðum á Lækjarbotnalandi 4 og 5 enda eru tengingar inn á þessi svæði talsvert vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði eins og mynd 1 sýnir.

Tengingar við umrædd svæði verða skoðaðar í tengslum við 2. áfanga framkvæmda við breikkun Suðurlandsvegarins frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá.

3. Helgunarsvæði fer inn á byggingarreit

Helgunarsvæði fyrirhugaðs hliðarvegar í Lækjarbotnum kemur hvergi nærri byggingarreitum Lækjarbotnlanda 4 og 5 eins og mynd 1 sýnir.

Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í námunda við umræddar lóðir í tengslum við breikkun Suðurlandsvegarins frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá.

4. Staðsetning vegatenginga og heimreið að Gunnarshólma

Staðsetning fyrirhugaðra Geirlandsvegamóta er óháð framkvæmdum við hliðarveg í Lækjarbotnum. Hliðarvegurinn tengist núverandi vegi um Lækjarbotnaland. Sá vegur tengist síðan fyrirhuguðum Geirlandsvegamótum.

Vegamótin eru hluti af 2. áfanga framkvæmda við breikkun Suðurlandsvegarins frá Fossvöllum og vestur fyrir Hólmsá. Staðsetning þeirra og nánari útfærsla helgast fyrst og fremst af umferðaröryggi en einnig umhverfisaðstæðum á svæðinu og þeirri umferð sem vegamótunum er ætlað að þjóna.

5. Niðurstaða

Vegagerðin telur athugasemdir landeigenda ekki tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum við hliðarveg í Lækjarbotnum. Athugasemdirnar snúa fyrst og fremst að staðsetningu Geirlandsvegamóta og breikkun Suðurlandsvegarins í landi Gunnarshólma. Þær lausnir sem þar eru til skoðunar eru með öllu óháðar fyrirhuguðum hliðarvegi í Lækjarbotnum.

Athugasemdirnar ættu því ekki að hafa áhrif á útgáfu þess framkvæmdaleyfis sem Kópavogsbær hefur til umfjöllunar.

f.h. Vegagerðarinnar

Gísli Gíslason, verkefnisstjóri

Helga Jóna Jónasdóttir, umsjónarmaður

Ólafur Th. Árnason, hönnunarstjóri



Gunnarshólmi

Lækjarbotnaland 5

Hliðarvegur að/frá Waldorfskóla

S:\Mannvirkni\11-e1\1-e1\1-e1\Fosvellir - Hólmavík\03 Stjórnun verkefnis\Hönnun\Gögn í skoðun - VG\Yfirlitamynd_Gunnarshólmi og Hliðarvegur.dgn

Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Móskestærð: 10x10m
Kortagerð: Vegagerðin

Verknr: ráðgjafa	Útg. A	Breyting	Dags.	Nafn.	 Vegagerðin	Suðurlandsvegur		Dags. 31.03.2022
						1-e1		Útbjóðn.
Verknr: ráðgjafa						Mælikvarði	Hannað -	Vegnr.
Verknr: ráðgjafa						1:5.000	Teiknað ÓTÁ	Hönnunarstig
						Yfirland		
Verknr: ráðgjafa						Bláðatærð A3	Samþykkt -	Teikn. nr. Útg.

skjal sótt af '000000000000' dags: 10.08.2026